

Ed.

514. Frumvarp

til laga um læknaskipun í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. gr.

Bæjarlæknir skal taka laun úr rikissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

3. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins skiftir störfum milli þessa embættismanns og hjeraðslæknis með tilskipun.